



Skólanámskrá

2024-2025



**II. hluti
Nám og kennsla
10. bekkur**

Umsjónarkennari: Gunnar Andri Pétursson

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Viðmiðunarstundaskrá	3
Íslenska	3
Stærðfræði	5
Enska	7
Danska	8
Náttúrugreinar	10
Samfélagsgreinar	11
Umsjón	14
Skólaíþróttir	14
List- og verkgreinar	16
Smíðasmiðja	17
Heimilisfræði	17
Upplýsinga- og tæknimennt	18

Bakgrunnsupplysingar

Í 10. bekk eru 9 nemendur, 4 strákar og 5 stelpur. Alls fá nemendur 37 kennslustundir á viku. Umsjónarkennnarar er Gunnar Andri Pétursson. Gunnar Andri Pétursson kennir íþróttir, samfélagsfræði og valgreinar. Þorsteinn Hjaltason kennir ensku, íslensku og náttúrugreinar. Anna Kristín Magnúsdóttir kennir stærðfræði og vinnustundir og Silja Guðnadóttir kennir dönsku og vinnustundir. Þá kennir Dagný Rut Kjartansdóttir hönnun og smíði, Elísabet Kristín Atladóttir heimilisfræði og Sigurður Gísli Guðjónsson vinnustundir.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	5
Erlend tungumál	
• Enska	3
• Danska	3
Náttúrugreinar	3
Skólaíþróttir	3
Samfélagsgreinar	4
Stærðfræði	5
Vinnustundir	2
Valgreinar	5
Umsjónartími	1
List- og verkgreinar	3
Samtals	37 stundir

Íslenska

Kennari: Þorsteinn Hjaltason

Kennslustundir: 5 tímar á viku

Kennslugögn:

- **Málið í mark** (vefur, málfræði)
- Ýmis verkefni úr **Neistum**
- **Gunnlaugssaga Ormstungu**
- Ýmis verkefni frá kennara

Markmið og áherslur:

Nemendur munu læra að beita íslensku máli á fjölbreyttan hátt í gegnum ritun, framsögu og skapandi miðlun. Lögð verður áhersla á:

- **Íslenskar bókmenntir** með sérstökum fókus á Íslendingasögur, t.d. **Gunnlaugssögu Ormstungu**.
- **Saga landnáms Íslands** og tengd verkefni.
- **Málfræði og málnotkun** með verkefnum úr **Málið í mark**.
- **Skapandi verkefnavinnu** í formi stuttmyndagerðar, vefsíðugerðar og ritunarverkefna.
- **Sjálfstæð vinnubrögð** í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Aukaefni: Tenglar og viðbótarverkefni verða sett fram í gegnum Teams.

Heimanám:

Ekki verður um fast heimanám að ræða, nema reglulegan heimalestur. Vinnutímar í kennslustundum verða nýttir til að klára verkefni.

Námsmat:

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemendur fá stöðuga endurgjöf og aðstoð við að bæta færni sína. Metið verður bæði ferli og lokaafurðir verkefna.

Matsþættir:

- **Ritun:** Verkefni sem leggja áherslu á skapandi og fræðilega textagerð, t.d. ritgerðir, sögur og samantektir.
- **Bókmenntalestur:** Mat á lesskilningi og túlkun bókmennta, með áherslu á Íslendingasögur og þjóðsögur.
- **Framsaga:** Nemendur vinna verkefni sem snúa að framsögn, t.d. upplestrar, kynningar, stuttmyndagerð og vefsíðugerð.
- **Málfræði og málnotkun:** Regluleg verkefni úr **Málið í mark** þar sem málfræði og rétt málnotkun er í forgrunni.

Aðferðir við námsmat:

- Leiðsagnarmat með stöðugri endurgjöf frá kennara.
- Sjálfsmat og jafningjamat í sumum verkefnum.
- Verkefnamöppur sem sýna þróun og framfarir nemenda.

Markmiðið með námsmatinu er að styðja nemendur í að bæta málfærni sína og hvetja til skapandi og sjálfstæðra vinnubragða. Lokamat byggir svo á matsviðmiðum í íslensku fyrir 8.-10. bekk.

Stærðfræði

Kennarar: Anna Kristín Magnúsdóttir

Vikustundir: 5 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í stærðfræðinni eru: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar; Brot og prósentur; Tölfræði og líkindi.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að nemendur geti:

- sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar, lagt mat á lausnirnar m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim
- sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll,
- skilið og metið röksemdir sem settar er fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemendur geti:

- skilið þær reglur sem gilda þegar unnið er með táknmál stærðfræðinnar, lesið úr því og notað það á merkingarbæran hátt
- túlkað myndræna framsetningu á stærðfræðilegu efni af nákvæmni
- gert sér grein fyrir möguleikum og takmörkunum á verkfærum stærðfræðinnar eins og t.d. tölvutækninnar
- notað verkfæri stærðfræðinnar markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og sett fram niðurstöður sínar

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemendur geti:

- rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt lausnir á stærðfræðilegu efni
- nýtt sér tölvutækni við að líkja eftir raunverulegum fyrirbrigðum og gert sér grein fyrir því hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi
- skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði
- nýtt sér upplýsingartækni við framsetningu á stærðfræði
- tekið þátt í samræðum um stærðfræði og spurt aðra markvisst út í stærðfræðileg efni

- tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélagini, þar sem þarf að afla upplýsinga, meta þær og finna lausnir t.d. við þróun samfélagins
- Nái grunntökum á eftirtöldum þáttum og geti unnið með þá: stórar og smáar tölur, rúmfræði, algebra, einslögur, hnitakerfi og tölfræði.

Tölur og reikningur

- Talnareikningur
- Negatífar tölur
- Námundagildi
- Prósentur

Algebra

- Rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.
- Unnið með talharunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á taknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum.
- Leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.
- Ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.

Rúmfræði og mælingar

- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslögur, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti, sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.
- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma.
- Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum.
- Hringurinn, ummál hrings, Flatarmál hrings
- Hringgeiri – flatarmál og ummál
- Keila - rúmmál og yfirborðsflatarmál
- Kúla - rúmmál og yfirborðsflatarmál
- Sívalningur - rúmmál og yfirborðsflatarmál

Tölfræði og líkindi

- unnið með tölfræðilegar upplýsingar á margvíslegan hátt
- sett tölfræðilegar upplýsingar fram í myndritum, s.s. skifurit, súlurit og línurit
- lesið tölfræðilegar upplýsingar út úr margskonar myndritum.
- reiknað líkur út frá fyrirfram gefnum forsendum

Kennsluefni / kennslugögn

Skali 3 A og B ásamt ítarefni frá kennara.

Kennsluhættir

Nemendum er skipt í hópa þvert á bekki þ.e. 8. 9. og 10. bekkur. Hóparnir geta verið breytilegir eftir viðfangsefnum hverju sinni. Nemendur vinna sjálfstætt á sínum hraða undir leiðsögn kennara en verða a.m.k. að klára grunnskipulag. Þeir sem vilja vinna hraðar fá tækifæri til þess.

Heimanám

Nemendur bera ábyrgð á að halda áætlun og að vinna jafnt og þétt heima sé þess þörf.

Námsmat

Fyrir báðar annirnar gildir eftirfarandi:

Kannanir og verkefni verða metin út frá metanlegum hæfniviðmiðum og/eða einkunnir gefnar í bókstöfum.

Enska

Kennari: Þorsteinn Hjaltason.

Vikustundir: 3 kennslustundir.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum sem miðast við lok 10. bekkjar skiptast í: Hlustun;

Lesskilningur; Samskipti; Frásögn; Ritun; Menningarlæsi.

Yfirviðmið hvers hæfniviðmiðs er svohljóðandi.

Hlustun

- fyrirhafnarlítíð tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg

Lesskilningur

- fyrirhafnarlítíð tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg

Samskipti

- sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða

Frásögn

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,

Ritun

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,

Menningarlæsi

- sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum,

Námshæfni

- Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.

Nánar eru um hvert hæfniviðmið á mentor.is

Kennsluefni / kennslugögn

Spotlight 9, Spotlight 10 ásamt vinnubókum, English TnT ásamt öðru námsefni frá kennara. Reglulega verður vikið frá bókinni og farið í aðra þætti eins og hlustun, áhorf, leiki og munnlegar æfingar, og annað uppbrot sem allt verður enskutengt.

Kennsluhættir

Lagt verður upp með að töluð sé enska í kennslustundum.

Unnið er með að gera nemendur sjálfstæða þannig að þeir bera meiri ábyrgð á námi sínu.

Þannig að þegar nemendur útskrifast úr 10. bekk verða þeir vel undirbúnir fyrir nám í framhaldsskóla, þar sem vinnubrögðin eru mun sjálfstæðari en í grunnskólanum. Tekið verður mið af þeirri staðreynd og nemendur knúrir til að taka meiri ábyrgð á eigin námi með sjálfstæðari vinnu og vinnubrögðum.

Heimanám

Verkefnin sem nemendur vinna eru í eðli sínu misjöfn og ólík. Ef allt gengur vel ættu nemendur að geta klárað flest verkefnin sín í skólanum og heimavinna engin en það getur alltaf komið þannig upp að nemendur þurfi að gera heima. Stundum geta verkefnin verið þannig að nemendur kjósa að vinna hluta að verkefninu heima er það þá sjálfsagt mál.

Námsmat

Unnið verður með hæfniviðmið aðalnámskrár og fá nemendur hæfnitákn fyrir verkefni vetrarins. Námsmatið miðast við önnina og fer verður skilað inn á mentor.is

Námsmatið verður fjölbreytt og fjölþætt og allt eftir eðli nemendastýrðra verkefna. Þegar nemendur skila verkefnum/lokaafurðinni þá er mat á því að hluti námsmatsins. Öll vinnan sem legið hefur á baki verður metin jafnóðum og nemendur meta svo eigin vinnu og/eða hópsins. Hæfnikort nemenda er síðan grunnurinn á mati á nemendum samkvæmt matsviðmiðum í 10. bekk fyrir ensku.

Danska

Kennari: Silja Guðnadóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum skiptast í: Hlustun; Lesskilningur; Samskipti; Frásögn; Ritun; Menningarlæsi

Danska er annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla. Með þessu námi er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlöndin og gera þau fær um að tjá sig á öðru tungumáli en móðurmálinu. Því mikilvægt er að nemendur séu færir um að nýta sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum.

Yfirviðmið hvers hæfniviðmiðs er svohljóðandi.

Hlustun

- fyrirhafnarlítio tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg

Lesskilningur

- fyrirhafnarlítio tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg

Samskipti

- sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisi- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða

Frásögn

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,

Ritun

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,

Menningarlæsi

- sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum

Námshæfni

Mikilvægt er að skapa metnað nemenda fyrir námi sínu og gera þá sjálfstæðari í vinnubrögðum. Þess vegna er þörf á að gera nemendum grein fyrir mikilvægi námsins og vinnuframlagi þeirra til að komast áfram í framtíðinni, strax við upphaf námsins. Til þess þarf kennari að vera duglegur að sýna nemendum sínum fram á að metnaður fyrir því sem tekið er fyrir leiðir til náms og betri frammistöðu í náminu svo og betri möguleikum á framhaldsnámi í framtíðinni.

Kennsluefni / kennslugögn

Aðalkennsluefnið sem notað verður er Ekko les-og vinnubók. Unnið verður með einfalda málfræðiæfingar frá opgaveskyen. Unnið verður með orðaforðann í gegnum hlustun, tal, lestar og skrift. Nemendur munu vinna orðakort, orðtengslanet og flokka skyld orð saman til að átta sig betur á merkingu og samsetningu orðanna. Nemendur endurtaka setningar eftir upplestri til að æfa danskan framburð orðanna og æfa sig í léttu spjalli við sessunaut. Hlustað verður á danska söngva og farið í gegnum texta þeirra. Horft á danska sjónvarpsþætti.

Unnið verður með að auka sjálfstraust nemendur til að tjá sig á dönsku, það er gert með verkefnum sem krefst þess að nemendur tjái sig á dönsku til að geta klárað verkefnið. Notast við ýmis konar ítarefni frá kennara s.s. blaðagreinar, tímarit, myndbönd, tónlist, efni af Veraldarvefnum, ljóð, málfræðiverkefni o.fl. Einnig verður farið yfir menningu og landfræði í Danmörku, þannig nemendur fá betri skilning á mismunandi menningarheimum.

Kennsluhættir

Unnið með margvíslega texta á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er hlustun, tal, lestar og skrift. Aðaláherslan verður lögð á að byggja upp orðaforða og skilning á einföldum textum og talmáli. Námið mun ganga út á lestar á léttum textum, hlustunaræfingum, æfingum í framburði og léttum samræðum. Nemendur munu einnig koma til með að skrifa einfalda texta sem orðaforði og málfræði, sem unnið hefur verið með, er notað. Innlögn, einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, félagakennsla og fleira. Verkleg verkefni lögð fyrir í hópavinnu þar sem reynir á að nýta orðaforða og framsögn.

Heimanám

Ekkert heimanám er sett fyrir en ef nemendur vinna ekkert í tíma þá þurfa þeir að vinna það upp heim eða í vinnutíma.

Námsmat

Námsmat fer fram reglulega yfir önnina. Kennari metur nemendur út frá vinnusemi í tíma, hvernig þeim gengur að vinna verkefni sem þau fá sett fyrir, virkni og frumkvæði. Námsmatið miðast við hæfniviðmið aðalnámskrár og verkefnin og vinnan nemenda tengd þeim.

Náttúrugreinar

Kennari: Þorsteinn Hjaltason

Vikustundir: 3 kennslustundir.

Náttúrugreinar fjalla um líffræði, efnafrafæði, eðlisfræði, jarðfræði og fleiri greinar. Nemendur munu fá tækifæri til að hafa áhrif á það sem verður fjallað um.

Hæfniviðmið í náttúrugreinum eru eftirfarandi:

Í náttúrugreinum eru tveir flokkar hæfniviðmiða en nauðsynlegt er að viðmiðin tengist og flettist saman. Þetta eru annars vegar hæfniviðmið um verklag og hins vegar hæfniviðmið úr völdum viðfangsefnum. Hæfniviðmið um verklag skiptast í: Geta til aðgerða; Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar, gildi og hlutverk vínsinda og tækni, vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og efling ábyrgðar á umhverfinu.

Hæfniviðmið um verklag

- Geta til aðgerða
- Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar

- Gildi og hlutverk vísinda og tækni
- Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum
- Efling ábyrgðar á umhverfinu

Hæfniviðmið um viðfangsefni

- Að búa á jörðinni
- Náttúra Íslands
- Heilbrigði umhverfisins
- Erfðir og þróun
- Samspil vísinda, tækni og þróunar í samféluginu

Kennsluefni / kennslugögn

Ýmislegt efni frá kennara, úr námsbókum og annað á veraldarvefnum, lagt er áhersla á að auka skilning með tilraunum og myndböndum af völdum youtube rásum. Yfir veturninn mun hver og einn nemandi taka kannanir til að sína fram á skilning á hugtökum, leysa verkefni og gera skýrslur og ritgerðir. Áhersla verður lögð á vistfræði fyrir áramót og stjörnufræði og jarðfræði eftir áramót.

Kennsluhættir

Notast er við leitaraðferðina þar sem að nemendur læra að leita upplýsinga í bókum og á netinu. Einnig verður samræðuaðferðin notuð og nemendur hvattir til þátttöku. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum.

Heimanám

Ekkert markvisst heimanám en ef nemendur klára ekki verkefni fyrir gefin tíma þá er ætlast til að þau klári heima.

Námsmat

Símat, sjálfsmat og jafningjamat.

Samfélagsgreinar

Kennari: Gunnar Andri Pétursson

Vikustundir: 3 kennslustundir.

Samfélagsgreinar fjalla um þjóðfélagsfræði, landafræði, sögu, kynfræðslu, siðfræði, trúarbragðafræði og fleiri greinar. Í veturnum við læra um þessi fræði, bæði þverfaglega og eina fræðigrein í einu. Með þessum hætti komum við til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda og kennsluhættir verða fjölbreyttari fyrir vikið. Nemendur munu fá tækifæri til að hafa áhrif á það sem verður fjallað um.

Hæfniviðmið

í samfélagsgreinum skiptast í: Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann; Hugarheimur – Sjálfsmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum; Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann:

Við lok 10. bekkjar er stefnt að því að nemendur:

- ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar,
- sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslífi,
- sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf,
- aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi,
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni,
- gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun,

Hugarheimur – Sjálfsmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Við lok 10. bekkjar er stefnt að því að nemendur:

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótað af umhverfi og búsetu, stjórnmálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum,
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund,
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd,

Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Við lok 10. bekkjar er stefnt að því að nemendur:

- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttsýnan hátt,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,
- sýnt sjálfssaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,
- ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysisi,

- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannuheill,
- sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

Við lok 10. bekkjar er stefnt að því að nemendur:

- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipt með sér verkum í hópverkefnum og tekið virkan þátt við úrlausn þeirra.
- Borið ábyrgð á eigin námi, gögnum og skilaverkefnum.
- Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.
- Miðlað þekkingu sinni á skýran hátt munnlega.
- Beitt á sanngjarnan hátt sjálfsmati og jafningjamati.
- Farið eftir fyrirmælum um frágang og úrlausn verkefna.
- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og farið eftir fyrirmælum.
- Geti tekið virkan þátt í umræðum
- Geti tekið virkan þátt í samstarfi.
- Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.
- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- Sýnt sjálfssaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með markvissum hætti.
- Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi.

Kennsluefni / kennslugögn

Ýmist efni frá kennara, úr ýmsum námsbók og annað á veraldarvefnum. Yfir veturinn mun hver og einn nemandi safna gögnum í ferilmöppu.

Kennsluhættir

Notast er við leitaraðferðina þar sem að nemendur læra að leita upplýsinga í bókum og á netinu. Einnig verður samræðuaðferðin notuð og nemendur hvattir til þátttöku. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum.

Heimanám

Ekkert markvisst heimanám en ef nemendur klára ekki verkefni fyrir gefin tíma þá er ætlast til að þau klári heima.

Námsmat

Símat, sjálfsmat og jafningjamat.

Umsjón

Kennari: Gunnar Andri Pétursson

Vikustundir: 1 kennslustund

Hæfniviðmið

Hugarheimur – Sjálfsmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Kennsluefni / kennslugögn

Ýmis verkefni tengd námstækni ásamt verkefnum úr öllum áttum tengd sjálfsvirðingu og sjálfsmynd. Einnig önnur tilfallandi verkefni og umræðuefni sem koma upp í samskiptum nemenda að hverju sinni.

Kennsluhættir

Lögð verður lögð áhersla á sjálfsvirðingu, sjálfsmynd og samskipti. Nemendur setja sig í spor hvers annars, leitast við að finna lausnir sem henta báðum aðilum o.s.frv. Notaðar verða ýmsar kennsluaðferðir.

Kennsluáætlun:

Sjálfsmynd, sjálfsvirðing

Bekkjarandi

Samskipti

Hópefli

Ég og samfélagið

Forvarnir

Skólaíþróttir

Kennari: Gunnar Andri Pétursson

Vikustundir: 3 kennslustundir

8., 9. og 10. Bekkur eru saman í íþróttum á þessu skólaári

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin í Aðalnámskrá Grunnskóla eru sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir.

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Að nemandi geti:

- Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.

- Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrstöðu og hreyfingu
- Gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti.
- Tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans.
- Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
- Sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.

Félagslegir þættir

Að nemandi geti:

- Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.
- Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísí í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt.
- Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísí í leik.

Heilsa og efning þekkingar

Að nemandi geti:

- Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.
- Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
- Sett sér skammtíma- og langtímaparkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
- Sýnt ábyrgð í útvist og ratað um landsvæði eftir korti.
- Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum.
- Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.

Öryggis- og skipulagsreglur

Að nemandi geti:

- Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda.

Kennsluefni / kennslugögn

Boltar og áhöld í íþróttahúsi og sundlaug. Ýmis hefti um íþróttir og skólasund til að styðjast við í kennslu.

Kennsluhættir

Nemendur taka þátt í æfingum, leikjum og þrautum (með eða án áhalda og tónlistar). Þeir fá þannig tækifæri til að: efla og reyna á samspil skynfæranna; þjálfa grunnhreyfingar; efla hraða, þol, kraft, viðbragð, líkamsreisn og líkamsstöðu. Auk þess eiga íþróttir að veita nemendum: útrás fyrir hreyfibörf; tækifæri til skapandi hreyfinga og tækifæri til að öðlast öryggistilfinningu í

vatni. Með þáttöku í hópleikjum og annarri samvinnu fá nemendur tækifæri til að efla félagsþroska og til að öryggisreglum sé fylgt, þannig að allir geta haft gaman af, þurfa nemendur að læra að umgangast íþróttahús, áhöld og tæki á öruggan hátt og læra að bregðast við fyrmælum og merkjum kennara.

Þær væntingar sem ég geri til nemenda minna eru í aðalatriðum að þau sýni áhuga á að framkvæma þær æfingar sem lagt er upp með og vilja til að bæta sig og verða fær í þeim. Að þau sýni íþróttanáminu áhuga.

Kennsluáætlun:

1. önn- skipt í tvö tímabil

1. Sund

2. Leikfimi

Leikir, stöðvabjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálsar íþróttir, handbolti, viðmiðunarpróf, körfubolti

2. önn- skipt í tvö tímabil

1. Leikfimi

Leikir, stöðvabjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálsar íþróttir, handbolti.

2. Sund

Íþróttir: Úti/inni tímar eftir veðri

ATH.

Nemendur eiga að koma með sér fatnað til íþróttaiðkana (stuttbuxur og bol). Ætlast er til að nemendur fari í sturtu eftir íþróttatíma. Nemendur í 4.-10. bekk mega vera í íþróttaskóm (innanhúss). Í sundi er æskilegt að vera í sundbol/sundskýlu, en ekki bikíní eða stuttbuxum sem ná niður fyrir hné. Þeir nemendur sem ekki geta synt án sundgleraugna verða að koma með sín eigin.

Mikilvægt er að nemendur fylgi þeim öryggis- og umgengnisreglum sem gilda í sundlauginni.

Námsmat

Prófa- og kennaramat. Fylgst verður vandlega með hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum sem sett voru í upphafi og þannig getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir áhrifum og þróun kennslunnar. Í íþróttum er metin **færni, áhugi og ástundun**. Til þess að meta færni þáttinn eru tekin nokkur stöðluð próf s.s. bol og hreystipróf. Gefin er framvinda í janúar og einkunn í maí eða í lok hvorrar annar. Stuðst er við hæfniviðmiðin í námsmati.

List- og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum það sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar fyrir lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og við lok 10. bekkjar flokkast undir Menningarlæsi.

Smíða og listasmiðja

Kennari: Dagný Rut Kjartansdóttir og Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir hálfan veturinn.

Nám og kennsla

Lögð er áhersla á nákvæm vinnubrögð og vandvirkni. Verkefnin krefjast góðrar þekkingar á þeim vinnubrögðum sem kennd hafa verið. Nemendur fá að hanna sína eigin hluti þar sem leysa þarf ótal vandamál og finna lausnir á því hvernig framkvæma eigi verkefnið. Lagt er upp með að hafa verkefnin úr fjölbreyttum efnivið til að nemendur fái að kynnast möguleikum á blöndun ólíks efnisviðs. Námsmatið er unnið eftir hæfniviðmiðum og leitast við að koma til móts við áhugasvið hvers og eins nemanda.

Megininntak

Að nemandi:

- geri sér grein fyrir samhengi gæða verkfæra og öryggis
- geti lagt mat á gæði og ástand véla og verkfæra
- hafi þroskað með sér vönduð vinnubrögð
- geti valið smíðaefni í samræmi við notagildi og eigin smekk
- þekki fjölbreyttar samsetningaraðferðir
- geti nýtt sér upplýsingatæknina við hönnun hluta
- hafi lært að velja viðfangsefni úr mörgum hugmyndum
- geti notað fríhendis teikningar við hönnun
- hafi smíðað hluti þar sem reynir á styrkleika og jafnvægi
- hafi kynnst endursmíði gamalla hluta
- hafi þroskað með sér jákvæð viðhorf til handverks
- geti skoðað eigin verk á gagnrýnnin hátt
- noti alltaf viðeigandi persónuhlífar

Leiðir/kennsluaðferðir

- Einstaklingsmiðuð verkefnavinna þar sem hver og einn vinnur að sínu verkefni undir leiðsögn kennara
- Nemandi vinnur nokkur vönduð verkefni sem hönnuð eru af honum undir leiðsögn kennara
- Mismunandi leiðir eru farnar með nemendur og miðast nálgunin í hvert sinn við þarfir og áhugasvið hvers og eins

Námsmat

Námsmatið er einstaklingsmiðað og metið er eftir hæfniviðmiðum. Kennari kynnir fyrir nemendum hvernig námsmatið mun fara fram og miðar verkefni við að hvaða hæfniviðmiðum er stefnt.

Heimilisfræði

Kennari: Elísabet Kristín Atladóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir í 12 vikur

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í heimilisfræði einblína á manneskjuna, líf og lífsskilyrði hennar auk andlegra og líkamlega þarfa. Stuðla á að góðu heilsufari, neysluvenjum og almennt heilbrigðum lífsháttum.

Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru:

Matur og lífshættir

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu

Matur og vinnubrögð

- Skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga um neytendamál

Matur og umhverfi

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi og lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun

Matur og menning

- Sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt hina ýmsu þjóðarrétti

Kennsluhættir

Unnið er annaðhvort í hópum eða pörum, fer eftir fjölda nemenda. Áttunda, níunda og tíunda bekk er blandað saman í þrjá hópa yfir önnina.

Námsgögn

Útprentað efni/uppskriftir af netinu og einstakir kaflar úr bókinni Matur og menning.

Heimanám

EKKI er gert ráð fyrir heimanámi í heimilisfæði

Námsmat

Námsmat er í formi umsagnar og einkunninni lokið - ólokið í lok annar. Horft er í vinnusemi, metnað, vandvirkni, hreinlæti og hegðun með símati eftir hvern tíma.

Upplýsinga- og tæknimennt

Ætlast er til að allir kennrarar noti upplýsinga- og tæknimennt í vinnu sinni með nemendum á sem fjölbreyttastan hátt. Vinna í upplýsinga- og tæknimennt er samofin öðrum greinum og metin sem hluti af fjölbreyttri verkefnavinnu.

Hæfniviðmið

Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Unnið á skapandi og gagnrýnnin hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Forritað með skilyrðum, lykkjum og breytum.
- Beitt skipulögðum aðferðum við lausn forritunarverkefna.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmíðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.,
- Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
- Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.

Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

Sköpun og miðlun

- Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.
- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.